

Sp.

69. Tillaga til þingsályktunar

[41. mál]

um endurskoðun ábúðarlaga.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða ábúðarlögin og leggja síðan fram á Alþingi frumvarp til nýrra ábúðarlaga.

Greinargerð.

Í landinu er mikið af jörðum í leiguábúð og ábúendaskipti alltið á mörgum þeirra. Oft skapast vandamál milli jarðareiganda og leiguliða, einkum þegar ábúendaskipti verða. Dæmi eru til þess og þau ekki svo fá, að eigendur jarða halda þeim í eyði, þó að hægt sé að fá á þær ábúendur. Veldur slíkt viðkomandi sveitarfélögum ýmsum erfiðleikum.

Nokkrir forustumenn sveitarfélaga og allmargir jarðeigendur og leiguliðar hafa komið að máli við okkur flutningsmenn þessarar tillögu og óskað eftir, að við beittum okkur fyrir því, að ábúðarlögin yrðu endurskoðuð og þeim breytt. Við töldum ekki rétt að flytja frumvarp til breytinga á lögnum, enda hæpið að gera breytingar á svo umfangsmiklum lögum sem ábúðarlögin eru, án þess að rannsókn á málinu í heild eigi sér stað. Okkur finnst hins vegar eðlilegast, að ríkisstjórnin skipi nefnd manna til að endurskoða lögin og síðan að þeirri endurskoðun lokinni yrði frumvarp til nýrra ábúðarlaga lagt fram hér á Alþingi.

Í sambandi við hinar stórstígu umbætur, sem nú eiga sér stað í jarðrækt, byggingum og framleiðsluháttum, hafa skapast ný vandamál milli jarðareiganda og leiguliða, einkum þó ef leiguliði, sem mikið hefur framkvæmt á ábýlisjörð sinni, verður að hætta búskap. Ábúðarlögin þyrftu að tryggja betur en þau nú gera, að eðlilegar umbætur eigi sér stað á leigujörðum. En eins og lögin eru nú, óttast margir leiguliðar, að þeir fái það fé ekki aftur, — ef þeir fara frá jörðinni, — sem þeir hafa lagt þar í umbætur, og valda því þau ákvæði ábúðarlaganna, hversu fljótt framkvæmdir leiguliða eru láttnar fyrnast og falla til jarðareiganda, ef leiguliði fer frá jörð. Þessi fyrningartími þyrfti að lengjast. Sé miðað við endingarhæfni nútíma-bygginga, hlýtur lánstími hinna almennu sjóða, sem lána til framkvæmdanna, að vera eðlilegur fyrningartími þeirra.

Í beinu framhaldi af því, sem hér hefur verið dregið á, kæmi þá einnig til athugunar, hvort ekki væri rétt að létta af landsdrottni þeirri skyldu að leggja fram fé til bygginga á jörð sinni, þar sem hann verður að veita veðleyfi til lántöku í ræktunarsjóði og byggingarsjóði.